

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150 29. mars 1978.

Samgönguráuneytið, 14. febrúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Ólafur S. Valdimarsson.

8. febrúar 1979.

Nr. 102.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir
Flateyrarkauptún nr. 98 5. mars 1974.**

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, er hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0.32% af fasteignamatsverði húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 5 000 á hverja íbúð.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórn hækkað um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

8. febrúar 1979.

Nr. 103.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitu
Flateyrarhrepps nr. 108 5. mars 1974.**

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Flateyrarhreppi, sem tengd eru vatnsveitu hreppsins, skal greiða árlegan vatnsskatt, er nemi 0.4% af fasteignamatsverði húsa og lóða, eins og gjaldstofn er á hverjum tíma. Vatnsskattur skal þó aldrei vera lægri en kr. 5 000 á hverja húseign eða sjálfstæða íbúðarstærð. Sé íbúð eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu vatnsskatts.